



Sóknaráætlanir landshluta 2015 - 2019

Stjórnarráð Íslands



BYGGÐASTOFNUN

Í þessari greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráætlunarsamninga og framkvæmd þeirra árin 2015-2019. Upplýsingar í greinargerðinni byggjast að mestu á árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga til stýrihópsins.

Starfsfólki landshlutasamtakanna eru færðar bestu þakkir fyrir upplýsingarnar.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál: Sóknaráætlanir landshluta.
Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna árin 2015-2019.
Nóvember 2020

Útgefandi: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Netfang: postur@srn.is

Veffang: www.srn.is

Ábyrgð: Hólmfríður Sveinsdóttir og Sigríður K. Þórgrímsdóttir

© 2020 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

ISBN 978-9935-494-14-6

Efnisyfirlit

	Samantekt	6
	Sóknaráætlanir landshluta	7
	Fjárframlög og ráðstöfun fjármuna	10
	Áhersluverkefni landshluta	14
	Uppbyggingarsjóðir landshluta	15
	Lokaorð	19
Viðauki 1	Nokkur verkefni sem hafa notið stuðnings af Sóknaráætlun landshluta árin 2015-2019	20
Viðauki 2	Tölur fyrir árið 2019	27
Viðauki 3	Landshlutasamtök sveitarfélaga	36



SÓKNARÁÆTLANIR
LANDSHLUTA

Stýrihópur Stjórnarráðsins 2019

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður
Árni Freyr Stefánsson

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Anna Katrín Einarsdóttir
Elín Ragnheiður Guðnadóttir

Dómsmálaráðuneyti
Guðmundur Bjarni Ragnarsson

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Anna Borgþórsdóttir Olsen

Forsætisráðuneyti
Pétur Berg Matthíasson

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Baldur Þórir Guðmundsson
Þórarinn V. Sólmundarson

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Björn Helgi Barkarson

Utanríkisráðuneyti
Hrund Hafsteinsdóttir

Heilbrigðisráðuneyti
Bryndís Þorvaldsdóttir

Félagsmálaráðuneyti
Þór Þórarinsson

Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson

Áheyrnarfulltrúar
Byggðastofnun
Laufey Kristín Skúladóttir

Landshlutasamtök sveitarfélaga
Bjarni Guðmundsson

Verkefnisstjóri
Sigríður K. Þorgrímsdóttir, **Byggðastofnun**

Formáli

Árið 2015 urðu vatnaskil í sóknaráætlunum landshluta. Í byrjun þess árs voru undirritaðir samningar milli ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga sem náðu til fimm ára, í stað eins árs áður og nokkrum mánuðum síðar voru samþykkt á alþingi lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015. Þar með var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga. Þau hafa sett sér skýrt og skilvirkt verklag við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga og ráðstafa heimamenn fjármunum til verkefna sem þeir telja mikilvæg fyrir landshlutana og styðja við markmið sóknaráætlunar þeirra. Það má því segja að landshlutasamtökin eru vel í stakk búin til að takast á við aukna ábyrgð og aukin verkefni ef því er að skipta.

Sóknaráætlanir landshluta er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Eitt af markmiðum þeirra er að valdefla landshlutana, þannig að ábyrgð og ákvörðunarréttur á ráðstöfun opinbers fjármagns flytjist heim í hérað. Hlutverk stýrihópsins er m.a. að vera ráðgefandi stuðningsaðili. Sóknaráætlanir byggja á trausti milli ríkis og sveitarfélaga. Það traust hefur verið til staðar og mikilvægt að hlúa að því um ókomna tíð.



SÓKNARÁÆTLANIR
LANDSHLUTA

Samantekt

Fimm ára tímabil sóknaráætlanasamninga hófst í janúar 2015 og lauk í árslok 2019. Á samningstímanum var varið rúmum 5 milljörðum króna til sóknaráætlana. Fjármuninum er fyrst og fremst varið til áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða.

Ráðuneyti byggðamála, Byggðastofnun og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál hafa fylgst vel með framkvæmd samninganna og sendir stýrihópurinn árlega frá sér greinargerð um framvindu og ráðstöfun fjármuna fyrir næstliðið ár. Í þessari greinargerð er hins vegar allur samningstíminn undir. Þá hafa verið framkvæmdar tvær úttektir af óháðum aðila og komu þær almennt vel út.

Í greinargerðinni kemur m.a. fram að:

- Rúmum 5 milljörðum króna var varið til sóknaráætlana á tímabilinu 2015-2019.
- Þar af komu tæpir 4 milljarðar frá ríkinu.
- Rúmar 576 m.kr. af þessum 4 ma.kr. voru í formi viðaukasamninga.
- Sveitarfélögin lögðu fram rúmar 487 m.kr. til sóknaráætlana á tímabilinu.
- Hæst voru framlög til sóknaráætlana á Norðurlandi eystra en lægst á höfuðborgarsvæðinu.
- Unnið var að 283 áhersluverkefnum um land allt og framlag til þeirra nam 1,6 ma.kr. á tímabilinu.
- Flest voru áhersluverkefni á Suðurlandi (67) og fæst á höfuðborgarsvæðinu (7).
- 2.966 verkefni hlutu styrki úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna, alls um 2,3 ma.kr. á tímabilinu.
- 5.094 umsóknir bárust í uppbyggingarsjóðina á tímabilinu.
- Sótt var alls um 8,3 ma.kr. í uppbyggingarsjóðina.
- Talsvert er um lægri fjárhæðir í styrki í uppbyggingarsjóðunum, en 101 styrkur af 2.966 voru yfir 2,5 m.kr. hver.
- Árangurshlutfall umsókna í uppbyggingarsjóðunum er hátt, eða 58,2% á tímabilinu.
- Flestar umsóknir voru á Suðurlandi og einnig flestir styrkir.
- Karlar fá hærri styrki en konur öll árin, en eiga færri umsóknir – og sækja um hærri fjárhæðir en konur.
- Alls sátu 348 einstaklingar í samráðsvettvöngum landshlutanna sem hafa beina aðkomu að sóknaráætlun hvers landshluta.

Í fyrsta kafla þessarar greinargerðar er farið yfir hvað sóknaráætlanir landshluta fela í sér. Í öðrum kafla er greint frá hvernig fjármunum er varið milli landshluta, ára og verkefna. Þriðji kafli fjallar um áhersluverkefni og fjórði kafli fjallar um uppbyggingarsjóðina. Í viðaukum er meðal annars að finna dæmi um fjölbreytt sóknaráætlanaverkefni og upplýsingar fyrir árið 2019.

Sóknaráætlanir landshluta

Sóknaráætlanir landshluta eru sameiginlegt verkefni ráðuneyta og sveitarfélaga. Markmiðið er að færa aukin völd og ábyrgð til landshlutanna á ráðstöfun fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna á sviði byggðamála og samfélagsþróunar. Tilgangurinn er að tryggja sem besta nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna á sínum svæðum.

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem heimamenn í hverjum landshluta sameinast um framtíðarsýn, sett markmið og leiðir valdar til að áætlunin nái fram að ganga. Sóknaráætlunarsamningunum er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggst á samstarfi þeirra sem að koma. Samráð og samvinna ríkis og sveitarfélaga fer fyrst og fremst fram í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtök sveitarfélaga. Samvinna ráðuneyta er í gegnum stýrihópinn og samvinna sveitarfélaga og helstu haghafa í landshlutum fer fram í gegnum landshlutasamtökin.

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta og í lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir er kveðið á um að sóknaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta. Um er að ræða samstarfs sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í hverjum landshluta. Landshlutasamtök sveitarfélaga skipa samráðsvettvang í hverjum landshluta og skilgreina hlutverk og verkefni hans. Samráðsvettvangurinn hefur beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar.

Heildarfjöldi fulltrúa í samráðsvettvöngum landshlutanna var 348 árið 2019. Kjörnir fulltrúar eru alla jafna stærsti hópurinn í samráðsvettvangnum og nálgast helming allra fulltrúa. Almennt er um helmingur allra fulltrúa úr aldurshópnum 40-59 ára og um fjórðungur fulltrúa eru á aldrinum 25-39 ára. Kynjahlutfall hefur verið nokkuð jafnt og flestir landshlutar ná alla jafna 40% viðmiðunarmarki jafnréttislaga.

Forsögu sóknaráætlana landshluta má rekja til ársins 2011 og árið 2012 var stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta stofnað og Byggðastofnun réði verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið. Verkefni stýrinetsins var meðal annars að samþætta hin ýmsu verkefni undir einn hatt sóknaráætlana, svo sem vaxtarsamninga og menningarsamninga, setja fram framtíðarfyrirkomulag á



fjármögnun sóknaráætlanaverkefna og viðmiðunarreglur um skiptingu fjármuna milli landshluta.

Fyrstu sóknaráætlanirnar voru samþykktar árið 2013. Fyrstu tvö árin voru samningar um sóknaráætlanir gerðir til eins árs í senn, en síðan árið 2015 eru gerðir samningar til fimm ára.

Árið 2014 var stýrinetið lagt niður og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál settur á laggirnar. Stýrihópurinn er skipaður fulltrúum allra ráðuneyta og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga eiga áheyrnarfulltrúa. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið.

Stýrihópurinn vinnur út frá þeirri skilgreiningu að byggðamál séu „öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta“.¹ Byggðamál eru þannig viðfangsefni allra ráðuneyta og ná til landsins alls.

Með lögum nr. 69/2015, um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi.

Lögin fela landshlutasamtökum sveitarfélaga að vinna sóknaráætlanir á sínu svæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þau tengja saman byggðaáætlun fyrir landið allt og sóknaráætlanir hvers landshluta og kveða á um tilvist og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.



Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir renna framlög ríkisins annars vegar til áhersluverkefna og hins vegar til uppbyggingarsjóða og ákveður hver landshluti skiptinguna. Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir þar sem gerð er krafa um 50% mótframlag og sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af landshlutasamtökum hvers svæðis, fer fyrir hverjum sjóði. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs og þar er ekki gerð krafa um mótframlag. Þau skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Samningurinn við höfuðborgarsvæðið er frábrugðinn samningunum við aðra landshluta, þar er eingöngu veitt fjármagn til framkvæmdar áhersluverkefna en ekki til uppbyggingarsjóðs.

Tvisvar hafa verið framkvæmdar úttektir á framkvæmd sóknaráætlana. Fyrri úttektin var gerð árið 2014² þegar undirbúningur að síðasta samningstímabili hófst og svo aftur vorið 2019³ þegar verið var að undirbúa nýja samninga. Niðurstaðan var í báðum tilvikum góð og mat úttektaraðila að í heild hefði verkefnið tekist vel. Sóknaráætlanasamningarnir væru framfaraspor og vel til þess fallnir að færa aukin völd og ábyrgð til landshluta og beina samskiptum ríkis og sveitarfélaga í góðan farveg.



¹Þessa skilgreiningu á byggðamálum má meðal annars finna í samþykkt ríkisstjórnarinnar um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 19. maí 2016 og í erindisbréfi hópsins, dags. 25. maí 2018.

²Mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta. Unnið af Evris fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ágúst 2014. Sjá: https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/skyrsla_mat-a-framkvaemd-soknaraetlana_evris050914.pdf

³Mat á framkvæmt sóknaráætlana landshluta 2015-2019. Unnið af Evris fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, maí 2019. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4ca231b1-765b-11e9-943c-005056bc530c>

Fjárframlög og ráðstöfun fjármuna

Skipting fjármuna til sóknaráætlana milli landshluta fer eftir gagnsæju reiknilíkani þar sem viðmiðin eru íbúaföldi og íbúapróun, stærð atvinnusóknarsvæða, atvinnuleysi yfir tiltekið tímabil, útsvar og fjarlægð frá Reykjavík.

Tafla 1. Heildarfjárhæð samninga í þúsundum kr.

	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
Grunnframlög ríkisins	550.699	626.650	726.700	726.700	726.700	3.357.449
Viðaukasamningur (ríkið)	33.600	67.600	125.900	176.200	173.400	576.700
Framlög sveitarfélaga	84.118	88.441	123.699	95.297	95.770	487.324
Önnur framlög	31.800	48.792	43.513	35.753	4.000	163.858
Flutt frá fyrra ári	100.413	58.500	89.025	90.855	50.399	389.192
Úttektir og greiningar	0	4.000	4.000	4.000	4.000	16.000
Vaxtatekjur	3.599	4.546	4.739	3.954	5.836	22.674
Samtals:	804.228	898.529	1.117.576	1.132.759	1.060.106	5.013.198


Fjárframlög árin 2015-2019 til sóknaráætlanasamninganna átta námu rúmum 5 milljörðum króna. Grunnframlög ríkisins, alls tæpir 3,4 ma.kr., skiptast þannig: árin 2015-2016 komu 760 m.kr. frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem þá fór með byggðamál, árin 2017-2019 komu 1,5 ma.kr. frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu sem þá var tekið við byggðamálum og þar með sóknaráætlun. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði samningunum til 1,1 ma.kr. Til viðbótar við grunnframlagið lagði ríkið tæpar 577 m.kr. til sex landshluta með viðaukasamningum.

Heildarfjárframlög sveitarfélaga voru rúmar 487 m.kr. Framlögini eiga fyrst og fremst rætur að rekja til menningarsamningana sem runnu inn í sóknaráætlanir árið 2015. Árið 2017 hækkaði framlag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu úr tæpri einni milljón í 36,3 m.kr. en lækkaði aftur árið 2018. Skýringin á hækkuninni árið 2017 felst í auknu fjármagni til verkefnis um borgarlínu, en um það var gert sérstakt samkomulag milli aðildarsveitarfélaganna í desember 2016.



Tafla 2. Samanburður heildarfjárhæða árin 2015-2019 í milljónum kr.

	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
Vesturland	87,1	96,8	111,8	129,9	151,4	576,9
Vestfirðir	116,9	113,9	184,9	131,6	117,4	664,7
Norðurland vestra	76,0	84,7	107,7	129,8	125,1	523,4
Norðurland eystra	170,5	173,4	232,9	266,8	184,1	1.027,7
Austurland	129,2	177,8	151,1	176,1	166,6	800,8
Suðurland	120,6	131,1	153,4	155,7	175,5	736,3
Suðurnes	77,6	86,6	97,9	100,9	99,0	462,1
Höfuðborgarsvæðið	26,4	30,2	73,8	38,0	37,0	205,3
Samtals	804,2	894,5	1.113,6	1.128,8	1.056,1	4.997,2




Mynd 1. Heildarfjárðhæð eftir landshlutum 2015 - 2019

Tafla 2 sýnir að framlögin eru hæst á Norðurlandi eystra, eða 1.028 m.kr. á tímabilinu, en lægst á höfuðborgarsvæðinu, rúmar 205 m.kr. Hafa þeir í huga að enginn uppbyggingarsjóður er fyrir höfuðborgarsvæðið. Næst lægst eru framlögin á Suðurnesjum, rúmar 462 m.kr., en engir viðaukasamningar voru gerðir við Suðurnes á tímabilinu. Heildartala fjárframlaga í töflu 2 er 16 m.kr. lægri en í töflu 1 og 3. Skýringin er sú að þær 16 m.kr. sem varið er til úttekta og greininga á tímabilinu er tekin út úr heildartölunni í samanburðartöflunni.



Tafla 3. Ráðstöfun fjárframlaga 2015-2019

	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
Áhersluverkefni	211.787	285.749	389.743	378.171	333.049	1.598.499
Uppbyggingarsjóður	413.500	374.377	391.270	423.025	403.447	2.005.619
Stofn- og rekstrarstyrkir	55.180	55.450	66.170	59.150	60.513	296.463
Viðaukar	45.600	79.600	153.400	192.790	185.400	656.790
Umsýsla	47.000	52.305	54.000	54.000	54.000	261.305
Úttektir og greiningar	0	4.000	4.000	4.000	4.000	16.000
Óráðstafað í árslok	30.670	57.882	58.332	23.451	8.188	178.523
Samtals:	803.737	909.363	1.116.915	1.134.587	1.048.597	5.013.198




Mynd 2. Skipting fjárframlaga árin 2015-2019

Tafla 3 sýnir hvernig fjármunirnir sem voru til ráðstöfunar á tímabilinu skiptust. Af heildarupphæðinni, rúmum 5 ma.kr., rann tæplega 1,6 ma.kr. til áhersluverkefna og rúmum 2 ma.kr. til uppbyggingarsjóða. Allir landshlutar nema Suðurland, Norðurland vestra og höfuðborgarsvæðið voru með sérstök stofn- og rekstrarframlög í gegnum sína uppbyggingarsjóði, samtals tæplega 296,5 m.kr. Samningarnir við Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland fólu í sér viðauka að upphæð samtals 656,8 m.kr.

Tafla 4. Samanburður á ráðstöfun fjárframlaga eftir landshlutum 2015-2019 í mkr.

	Áhersluverkefni	Uppbyggingarsjóður	Stofn- og rekstrarstyrkir	Viðaukar	Samtals
Vesturland	119.914	236.114	36.093	95.500	487.621
Vestfirðir	194.083	249.940	99.700	78.300	622.023
Norðurland vestra	91.747	323.155	0	78.590	493.491
Norðurland eystra	381.227	339.775	86.070	84.200	891.272
Austurland	215.792	241.733	45.100	257.900	760.525
Suðurland	229.575	386.082	0	62.300	677.957
Suðurnes	166.879	228.820	29.500	0	425.199
Höfuðborgarsvæðið	199.282	0	0	0	199.282
Samtals	1.598.499	2.005.619	296.463	656.790	4.557.371



Mynd 3. Ráðstöfun fjárframlaga til áhersluverkefna, uppbyggingarsjóða, stofn- og rekstrarstyrkja og viðauka eftir landshlutum 2015-2019

Í töflu 4 og mynd 3 má sjá að Norðurland eystra er með hæstu fjárhæðina til áhersluverkefna á tímabilinu, um 381 m.kr., en lægst er fjárhæðin á Norðurlandi vestra, tæpar 92 m.kr. Sunnlendingar áttu hæsta framlag til uppbyggingarsjóðanna, eða 386 m.kr., en lægst var framlagið á Suðurnesjum, 229 m.kr. Stofn- og rekstrarstyrkir eru hæstir á Vestfirðum, um 100 m.kr. en lægstir á Suðurnesjum, 29,5 m.kr. Austurland er með langhæsta framlagið vegna viðauka, eða alls 258 m.kr. á tímabilinu. Skýringanna er m.a. að leita í framlögum mennta- og menningarmálaráðuneytis til menningarmiðstöðva við upphaf tímabilsins og einnig eru inni í þeirri tölu framlag sveitarfélaga og

framlög ríkisins vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða, aðgerð C-1 á byggðaaætlun. Hafa ber í huga að mismunur á niðurstöðutölu í töflu 3 og 4 er vegna þess að í töflu 4 er ekki gerð grein fyrir umsýslu, úttektum og greiningum og óráðstöfuðu í árslok eins og í töflu 3.


Áhersluverkefni landshluta

Á tímabilinu 2015-2019 var unnið að samtals 283 áhersluverkefnum á landinu öllu. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Þau eru samþykkt af stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga og staðfest af stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Tafla 5. Áhersluverkefni 2015-2019

Landshluti	Fjöldi verkefna
Vesturland	19
Vestfirðir	49
Norðurland vestra	34
Norðurland eystra	49
Austurland	19
Suðurland	67
Suðurnes	39
Höfuðborgarsvæðið	7
Samtals	283

Flest voru áhersluverkefni á Suðurlandi (67) og fæst á höfuðborgarsvæðinu (7). Samtals vörðu landshlutarnir átta tæplega 1,6 milljarði króna til áhersluverkefna, auk mótframlaga heimamanna. Lægsta framlag til einstakra áhersluverkefna á tímabilinu var 300 þús.kr. og hæsta framlagið var 22,6 m.kr. Í viðauka 1 eru tekin nokkur dæmi um áhersluverkefni og verkefni sem hlutu styrk úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna á tímabilinu 2015-2019.




Uppbyggingarsjóðir landshluta

Með samningum um sóknaráætlanir landshluta árið 2015 voru uppbyggingar-sjóðir settir á laggirnar í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem styðja verkefni í samræmi við markmið hvernar sóknaráætlunar. Sjóðirnir styrkja að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði hvers verkefnis og gera landshlutarnir kröfu um að minnsta kosti 50% mótframlags frá styrkþegum.

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefnd fyrir sína uppbyggingarsjóði. Hlutverk nefndanna er að velja verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og skulu verkefni falla að sóknaráætlun landshlutans.

Tafla 6. Upplýsingar um umsóknir og styrki 2015-2019

Landið allt	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
Umsóknir:						
Fjöldi umsókna	1.120	1.062	1.006	971	935	5.094
Heildarfjárhæð umsókna í þús.kr.	1.642.088	1.556.304	1.584.166	1.754.198	1.772.829	8.309.585
Meðalfjárhæð umsókna í þús.kr.	1.466	1.465	1.575	1.807	1.896	1.631
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	605	630	594	588	548	2.965
Heildarupphæð styrkja í þús.kr.	468.680	429.827	457.440	482.175	463.960	2.302.082
Meðalfjárhæð styrkja í þús.kr.	775	682	770	820	847	776
Fjöldi verkefna undir 500 þús. kr.	285	324	251	229	197	1286
Fjöldi verkefna, 0,5 - 2,5 m.kr.	302	295	319	327	334	1577
Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.	18	10	24	32	17	101
Árangurshlutfall umsókna	54,0%	59,3%	59,0%	60,6%	58,6%	58,2%




Mynd 4. Fjöldi umsókna og styrkja eftir landshlutum


Í töflu 6 sést að samtals bárust 5.094 umsóknir til uppbyggingarsjóðanna sjö á tímabilinu öllu og fjöldi styrkja var alls 2.966, sem er 58,2% árangurshlutfall. Alls var sótt um styrki að upphæð sem nemur rúmlega 8,3 ma.kr. en veittir voru styrkir að upphæð rúmlega 2,3 ma.kr.

Tafla 7. Upplýsingar um umsóknir og styrki eftir landshlutum

Umsóknir:	Samtals	Vesturl.	Vestf.	Nl. vestra	Nl. eystra	Austurl.	Suðurl.	Suðurn.
Fjöldi umsókna	5.094	798	619	613	792	646	1.281	345
Heildarfjárhæð umsókna í millj.kr.	8.310	1.255	1.226	1.052	1.343	933	1.718	781
Meðalfjárhæð umsókna í þús.kr.	1.631	1.573	1.981	1.716	1.696	1.445	1.341	2.265
Veittir styrkir								
Fjöldi styrkja	2.965	501	316	402	429	397	749	171
Heildarupphæð styrkja í millj. kr.	2.302	272	350	324	426	287	386	258
Meðalfjárhæð styrkja í þús.kr.	776	543	1.106	804	993	723	515	1.511
Fjöldi verkefna undir 500 þús. kr.	1.286	284	100	207	130	152	402	11
Fjöldi verkefna, 0,5 - 2,5 m.kr.	1.577	213	195	178	276	237	347	131
Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.	101	4	20	17	23	8	0	29
Árangurshlutfall umsókna	58,2%	62,8%	51,1%	65,6%	54,2%	61,5%	58,5%	49,6%



Mynd 5. Heildarfjárhæð umsókna og styrkja eftir landshlutum




Mynd 6. Fjöldi verkefna eftir styrkfjárhæð og landshlutum 2015-2019

Á Suðurlandi bárust flestar umsóknir (1.281) og þar voru veittir flestir styrkir (749). Á Suðurnesjum voru færast umsóknir (345) og færast styrkir (171). Meðalfjárhæð umsókna er hæst á Suðurnesjum, tæplega 2,3 m.kr., og lægst á Suðurlandi, rúmlega 1,3 m.kr. Árangurshlutfall umsókna var hæst á Norðurlandi vestra, eða 65,6%, en lægst á Suðurnesjum, eða 49,6%.


Uppbyggingarsjóðurinn á Norðurlandi eystra var stærstur með 426 m.kr. en sjóðurinn á Suðurnesjum minnstur með 258 m.kr. Samtals voru 1.286 styrkir lægri en 500 þús.kr. Lágir styrkir flestir á Suðurlandi.

Árlega er spurt um fjölda umsókna, meðalupphæð umsókna, fjölda styrkja og meðalupphæð styrkja eftir kyni. Með þessu má sjá hvernig annars vegar umsóknir og hins vegar styrkir skiptast eftir kyni forsvarsmanna eða verkefnisstjóra. Kynjahlutfall umsækjenda er á heildina litið nokkuð jafnt.





Mynd 7. Meðalupphæð umsókna eftir kyni



Mynd 8. Meðalupphæð veittra styrkja eftir kyni

Myndir 7 og 8 sýna að karlar sækja um heldur hærri styrki en konur í öllum landshlutum og það gildir fyrir öll árin. Sömuleiðis fá karlar hærri styrki en konur. Karlar sækja í öllum tilvikum um hærri meðalupphæð en konur, þrátt fyrir að eiga færri umsóknir og fá einnig hærri meðalstyrki en konur, nema árið 2015 þar sem kynin eru jöfn, karlar fengu sem nam um tvö þúsund krónum hærri styrki að meðaltali.

Lokaorð

Markmið sóknaráætlana landshluta er að auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Verklag sóknaráætlana styður við aukið lýðræði og kallar á samráð og sameiginlega stefnumörkun sem byggist á þekkingu heimamanna á hverjum stað. Frá upphafi hefur vinnan við sóknaráætlanir verið lærdómsríkt ferli fyrir Stjórnarráðið, sveitarfélögin og samtök þeirra. Stuðningur ríkisstjórna er ómetanlegur og forsenda þessarar jákvæðu þróunar. Mikilvægt er að halda áfram þeirri valdeflingu sem sóknaráætlanir hafa stuðlað að frá upphafi, þ.e. að ábyrgð á framkvæmd þeirra sé heima í héraði en stýrihópurinn sé ráðgefandi stuðningsaðili.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga. Þau hafa sett sér skýrt og skilvirkt verklag við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga og ráðstafa heimamenn fjármunum til verkefna sem þeir telja mikilvæg fyrir landshlutana og styðja við markmið sóknaráætlana þeirra. Landshlutasamtökin eru þannig orðin vel í stakk búin til að takast á við aukna ábyrgð og að auknum fjármunum verði varið í sóknaráætlanir.

Fimm ára tímabil sóknaráætlanasamninga lauk í árslok 2019. Ráðuneyti byggðamála, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, leiddi vinnu við gerð nýrra samninga í samráði við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa. Við vinnuna voru lög nr. 69/2015, um byggðaaætlun og sóknaráætlanir, sem og lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, höfð til hliðsjónar.



SÓKNARÁÆTLANIR
LANDSHLUTA

Viðauki 1: Nokkur verkefni sem hafa notið stuðnings af Sóknaráætlun landshluta árin 2015 - 2019

Vesturland

Frystiklefinn Rifi var stofnaður árið 2010. Frystiklefinn hefur verið leikhús, tónleikastaður og listasel listafólks jafnt innan lands sem utan. Þar hefur líka verið rekið hostel sem er sérsniðið fyrir skapandi ferðamenn sem sækja í menningu og orku staðarins. Starfsemi staðarins er því mjög fjölbreytt. Frystiklefinn er í góðu samstarfi við sveitarfélagið Snæfellsbæ.

Ávinningur samfélagsins er að menningarlíf hefur blómstrað og þar af leiðandi mannlíf á svæðinu. M.ö.o. hefur þjónustustig og framboð afþreyingar aukist og styður Frystiklefinn þannig við ferðþjónustu svæðisins. Frystiklefinn er áhugavert dæmi um hvernig nýta má með frekar einföldum hætti iðnaðarhúsnæði þar sem upphaflegri starfsemi hefur verið hætt.

Frystiklefinn hlaut Eyrarrósina árið 2015 fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. Verkefnið var styrkt úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

Vefslóð: www.facebook.com/frystiklefinnrifi

Vestfirðir

Dokkan brugghús var stofnað í október 2017 og var fyrsti bjórinn í boði í byrjun sumars 2018. Dokkan fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða árið 2018 til að þróa nýja vöru. Þau fengu svo aftur styrk 2019 til að setja upp gestastofu í brugghúsinu.

Vefslóðir: www.facebook.com/dokkanbrugghus/
www.dokkanbrugghus.is/

Umhverfsvottun Vestfjarða – var áhersluverkefni 2017 til 2019. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru búin að hafa vottun frá því árið 2016 og hafa haldið henni síðan. Verkefnið hefur getið af sér mörg önnur eins og Plastpokalausir Vestfirðir, Græn skref sveitarfélaganna og Umhverfislestina svo eitthvað sé upp talið.

Vefslóðir: www.vestfirdir.is/is/verkefni/umhverfsvottun-vestfjarða
www.ruv.is/frett/borda-diskosupu-i-umhverfislestinni

Lýðskólinn á Flateyri var áhersluverkefni 2018 og 2019.

Vefslóð: <https://lydflat.is/>

Norðurland vestra

Kolefnisspor Norðurlands vestra.

Skýrslan Kolefnisspor Norðurlands vestra var unnin er af Stefáni Gíslasyni hjá Environice fyrir

SSNV og kom út í ársbyrjun 2020. Í skýrslunni kemur fram að endurheimt votlendis á óræktuðum framræstum jarðvegi sé árangursríkasta leiðin til að draga úr losun gróðurhúsategunda á Norðurlandi vestra og má gera ráð fyrir að svo sé á flestum landbúnaðarsvæðum landsins. Fyrstu skref í endurheimt ættu að felast í því að greina þau svæði sem liggur beinast við að endurheimta, svo sem með tilliti til núverandi notkunar og eignarhalds. Gera þarf grunnrannsóknir á svæðinu til að meta líklegan árangur en hann ræðst af jarðvegsgerð, dýpt, aldri skurða og fleiri þátta.

Í skýrslunni er einnig bent á leiðir til að minnka kolefnisspor í samgöngum, brennslu metans á urðunarstaðnum í Stekkjarvík, minni orkunotkun í landbúnaði svo fátt eitt sé talið. Til mótvægisáðgerða er talin landgræðsla og skógrækt en til hennar gefast fjölmörg tækifæri á Norðurlandi vestra.

Verkefnið var áhersluverkefni sóknaráætlunar Norðurlands vestra.

Vefslóð: www.ssnv.is/is/moya/news/kolefnisspor-nordurlands-vestra

Kakalaskáli

Kakalaskáli á Kringlumýri í Blönduhlíð og var opnaður árið 2012. Hann er hugsaður sem umhverfi fyrir sögumann sem segir frá atburðum á Sturlungaöld. Þar er boðið upp á sögustundir, sérsýningar og margt fleira. Listaverkasýning, sem helguð er sögu Þórðar kalala, var opnuð þar þann 18. ágúst 2019.

Verkefnið var styrkt af Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra.

Vefslóð: www.facebook.com/kakalaskali/

Norðurland eystra

SinfoniaNord- þjónusta og upptaka á sinfónískri tónlist í Hofi

Megininntak verkefnisins er að byggja upp, reka og markaðssetja tónlistarupptökstarfsemi í Hofi með áherslu á sinfóníska kvikmyndatónlist. Áhersluverkefnið lýtur að tveimur aðkallandi þáttum í því skyni:

- Markaðssetningu og kynningarstarfsemi
- Kaupum á sérhæfðum tækjabúnaði

Verkefnið var áhersluverkefni SSNE árið 2018

Vefslóð: <https://www.sinfonianord.is>

Arctic Coast Way/Norðurstrandaleiðin

Arctic Coast Way – Norðurstrandaleiðin er nýr ferðamannastaður á Norðurlandi. Markmið verkefnisins er að byggja upp nýtt aðdráttarafl á Norðurlandi og efla samkeppnishæfni auk þess að styrkja innviði og efla byggð á svæðinu. Megináherslan er á sjávarbyggðir og sjávarhengda þjónustu meðfram strandlengjunni frá Hvammstanga í vestri að að Bakkafirði í austri. Þannig byggir verkefnið á þeim sérkennum sem svæðið býr nú þegar yfir, dregur þau fram og kynnir sem eina spennandi heild.

Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra árið 2019 og var áhersluverkefni SSNE árið 2019.

Vefslóð: <https://www.arcticcoastway.is>

Verksmiðjan á Hjalteyri

Verksmiðjan stendur fyrir lifandi listastarfsemi með þá sérstöðu að vera hvort tveggja í senn verkefnarými þar sem að listin verður til, en er um leið áhugaverður sýningarstaður. Hún gerir listafólki kleift að bæði framleiða og sýna verk í skapandi rými um leið og hún færir líf í einstaka byggingu. Listin er flutt úr stað af hinum hefðbundna sýningarstað, út í náttúruna og inn í óvenjulegt hús. Það má segja að þarna renni saman: listin, öðruvísi arkitektúr, saga, samfélag og fallett umhverfi.

Verkefnið hefur hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra frá 2015-2019.

Vefslóð: <http://www.verksmidjanhjalteyri.com>

Austurland*BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi*

BRAS er menningarhátíð þar sem börnum er gefið tækifæri til að skapa og upplifa listir í víðasta samhengi. Hún var haldin í fyrsta skipti í september 2018.

Einkunnarorð hátíðarinnar eru Þora! Vera! Gera! enda er leiðarljós hátíðarinnar að hvetja börn á Austurlandi til að þora að vera þau sjálf og framkvæma á eigin forsendum. Markmiðið er að búa til vettvang þar sem öll börn á Austurlandi geta unnið saman á jafningjagrundvelli óháð móðurmáli, tungumálakunnáttu og búsetu. Unnið er þvert á þjóðerni, byggðakjarna og aldur.

Verkefnið var áhersluverkefni SSA árin 2018 og 2019.

Vefslóð: www.bras.is

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði var stofnuð 2011 þegar hópur fólks tók við yfirgefnu frystihúsi staðarins. Sjálfbærni er grunnstef og að sköpunarkrafturinn sé forsenda fyrir þróun og uppbyggingu samfélaga. Eitt af meginmarkmiðum verkefnisins er að takast á við ýmis vandamál sem steðja að byggðarlaginu, svo sem fólksfækkun og skorti á fjölbreyttum atvinnutækifærum. Því hefur verið rík áhersla á að búa til vettvang þar sem samvinna og þekkingarmiðlun milli skapandi greina getur átt sér stað.

Markmiðið er einnig að efla menntun á svæðinu og að stuðla að lifandi tónlistar- og menningarlífi. Miðstöðin býður upp á vinnustofuvöl fyrir listamenn. Fjölbreyttri aðstöðu hefur verið komið upp og má þar nefna trésmíðaverkstæði, jánsmíðaverkstæði, keramikverkstæði og prentverkstæði auk tónleikasalar og hljóðvers. Almenni býðst aðgangur að verkstæðunum gegn vægu gjaldi auk þess sem þau nýttast fyrir námskeið og skólabúðir fyrir nemendur af svæðinu. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Vefslóð: <https://inhere.is/>

Wasabi

Nýsköpunarfyrirtækið Jurt stendur á bakvið framleiðslu á Nordic wasabi, sem er hreint wasabi og er ræktað á sjálfbæran máta á Íslandi. Ræktunin fer fram í hátækni gróðurhúsum á Egilsstöðum þar sem jarðhiti og rafmagn eru nýtt til framleiðslunnar.

Sú vara sem flestir þekkja sem wasabi er í langflestum tilvikum ekki ekta wasabi heldur

blanda af piparrót, sinnepi og grænum matarlit og innihaldi lítið sem ekkert wasabi. Ferskt wasabi er unnið úr stilk wasabi-plöntunnar og er 100% hrein afurð án aukaefna. Stilkur plöntunnar er rifinn niður á þar til gerðu rif-járni og þannig fæst wasabi-maukið. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Suðurland*Hönnun á fræðsluefni fyrir söfn og sýningar á Suðurlandi*

Markmið verkefnisins var að koma betur á framfæri efnivið safna og setra á Suðurlandi – sérstaklega gagnvart börnum grunnskólaaldri. Verkefnið fól einnig í sér markmið um að efla samstaf og vörubrúun safna og sýninga á Suðurlandi.

Gerður var samningur við söfn og sýningar á Suðurlandi sem tilbúin voru til að hanna efni/ fróðleik/námsefni fyrir gesti á grunnskólaaldri. Efnið væri í formi námsefnis og/eða fróðleiks um safnið sem gestir á grunnskólaaldri gætu skoðað eða unnið með, fyrir eða á meðan þeir dvelja á staðnum. Afurðin varð eign og verkfæri viðkomandi safns eða sýningar og nýttast afurðirnar í dag við móttöku og fræðslu barna og ungmenna.

Verkefnið var áhersluverkefni sóknaráætlunar Suðurlands.

Broddur byggir upp

Broddmjólk er fyrsta mjólkinn sem kúr framleiðir og er hún framleidd fyrstu 24-96 klukkustundirnar eftir burð, eða allt að fyrstu sex mjólkunum. Í broddmjólk kúa er fjöldi mikilvægra efna. Auk þess er íslensk mjólk einstök að því leyti að í henni er að finna beta-casein A2 sem hefur verið rannsakað í tengslum við heilsu manna. Broddmjólk/broddur er einstök afurð sem vart er nýtt á Íslandi í dag. Markmið verkefnisins var að nýta brodd til framleiðslu á fæðubótaefni til manneldis. Að afla þekkingar á örveruinnihaldi, ónæmis- og vaxtarþáttum ásamt næringarefnum í íslenskum broddi til að byggja á við framleiðslu fæðubótaefna. Afla upplýsinga hjá mjólkurfræðingi og bændum um hagnýta og verklega þætti varðandi söfnun og nýtingu á broddi. Skoða framleiðsluþætti s.s. þökkun í hylki, umbúðir og merkingar samkvæmt reglugerðum. Að leggja grunn að markaðssetningu á innlendum og mögulega erlendum markaði. Framleiðsla á 500 mg. hylkjum sem verða notuð til að gera íhlutandi rannsókn í mönnum. Þær niðurstöður verða gefnar út og notaðar til markaðssetningar í framhaldinu.

Verkefnið var styrkt að Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Smáspunaverksmiðjan Uppspuni

Um er að ræða verkefni sauðfjárnænda heim á bæ, sem höfðu flutt inn vélar til að vinna ull, þeirra eigin og annara bænda. Með það að marki að þvo, kemma og spinna band. Ætlun þeirra var að bjóða fólki upp á að kaupa minna unna ull sem hægt væri að handspinna eða þæfa. Bandið er ekki endilega eins á litinn á milli ára eða framleiðslulota, heldur ræður sá litur sem fer í hverja blöndu útkomunnar. Það er spennandi valkostur fyrir handverksfólk að ekki er alltaf sami liturinn í boði og stundum bara takmarkað magn af ákveðnum litum ullar. Einnig verður hægt að bjóða upp á einstakar útgáfur eins og feldfjárnband og band af forystufé svo eitthvað sé nefnt.

Verkefnið snéri að því að koma til móts við bændur með meiri verðmætasköpun fyrir afurðir þeirra, en einnig og ekki síður að koma til móts við handverks- og þrjónafólk með auknu úrvali af góðu hráefni. Ullin er meðhöndluð af virðingu og varfærni og ný tegund véla notuð sem nær að aðskilja þel og tog íslensku ullarinnar. Þannig er búin til afurð sem er mýkri en vól er á úr íslenskri ull

Í dag.

Verkefnið var styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Ræktun í nýju ljósi - Project Lucia grow light

